

Fimmtudaginn 10. desember 1998.

Nr. 57/1998.

Tryggvi Sveinbjörnsson

(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

gegn

Össuri hf. og

Össuri Kristinssyni

(Garðar Garðarsson hrl.)

Málflytjendur. Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. janúar 1998. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að dómurinn og meðferð málsins fyrir héraðsdómi frá og með þinghaldi 29. október 1997 verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess hvor um sig, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra er skjal með heitinu samkomulag, sem lögmenn málsaðila í héraði undirrituðu fyrir þeirra hönd 29. október 1997 og varðar sakarefni og rekstur máls þessa, enn fremur símbréf 23. október 1997 um umboð til lögmanns áfrýjanda í héraði, sem lögmanninum var sent frá heimili áfrýjanda. Var nafn áfrýjanda sem umboðsgjafa vélritað undir bréfið, en ekki jafnframt ritað eigin hendi. Hins vegar hafði eiginkona hans ritað nafn sitt á það sem vottur. Einnig er lagt fram endurrit af þinghaldi í Héraðsdómi Reykjaness 27. júlí 1998, þar sem héraðsdómslögmennirnir Ragnar Tómasson og Sveinn Andri Sveinsson, umboðsmaður áfrýjanda í héraði, báru vitni um gerð fyrrnefnds samkomulags og bókunar í málinu frá 29. október 1997, sem rakin er í héraðsdómi.

I.

Stefndi Össur Kristinsson var meðal stofnenda stefnda Össurar hf. árið 1971 og eignaðist síðar öll hlutabréf í félaginu ásamt nánum skyldmönnum sínum. Áfrýjandi hóf störf í þágu félagsins sem ráðgjafi árið 1988 og var ráðinn framkvæmdastjóri þess haustið 1989. Gegndi hann því starfi samfellt þar til síðla marsmánaðar 1996, er hann sagði því lausu og slit urðu á samvinnu milli hans og stefndu. Hann var þá jafnframt talinn eigandi að 5% af hlutafé félagsins, sem stefndi Össur Kristinsson hafði heitið að framselja eða framselt honum tveimur árum fyrr án sérstaks endurgjalds. Samvinnuslitin rekja málsaðilar meðal annars til ágreinings, er laut að stjórnun og rekstri félagsins, milli áfrýjanda og stefnda Össurar Kristinssonar, sem einnig starfaði við reksturinn og tók þátt í stjórn á félaginu.

Í kjölfar uppsagnar áfrýjanda höfðuðu stefndu mál þetta gegn honum í mars 1997 og gerðu þær dómkröfur hvor um sig, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Áfrýjandi krafðist sýknu af öllum kröfunum og svaraði þeim einnig með gagnkröfum, svo sem einnig er lýst í dóminum. Hann krafðist og frávísunar á dómkröfum stefnda Össurar Kristinssonar, sem hafnað var með úrskurði héraðsdómara. Málið var því næst tekið fyrir í héraðsdómi 30. september 1997 og þá ákveðið, að aðalmeðferð færi fram dagana 5. – 7. nóvember sama ár. Áður en að því ræki, komu lögmenn aðila fyrir héraðsdóm 29. október og lögðu fram bókun þá, er fyrr getur, þar sem lýst var nýrri afstöðu málsaðila til dómkrafna í málinu. Höfðu lögmenn aðila undirritað hana fyrir þeirra hönd. Málið var síðan dómtekið að ósk lögmanna og dómur kveðinn upp á grundvelli þeirrar kröfugerðar, sem bókunin lýsti.

Um aðdraganda þessara málaloka í héraði skýra aðilar svo frá, að þeir hafi afráðið síðla sumars 1997 að kanna sættir um lausn á málinu, þannig, að lyktir yrðu á ágreiningi þeirra í milli. Hafi áfrýjandi átt frumkvæði að þessum umleitunum, en fljótlega fengið jákvæðar undirtektir. Þetta hafi síðan verið rætt á ítrekuðum fundum milli lögmanna aðila, aðallega í októbermánuði, og lögmennirnir skipst á drögum að skriflegri samningsgerð. Í viðræðunum hafi áfrýjandi jafnframt notið aðstoðar Ragnars Tómassonar héraðsdómslögmanns, sem átt hafi viðtöl við stefndu og lögmenn þeirra, en ekki tekið þátt í fundum eða skjalaritun lögmanna. Niðurstaðan hafi

orðið sú, að á fundi 29. október hafi lögmennirnir gengið frá fyrrnefndu samkomulagi, er kvað á um almenna lausn mála vegna samskipta aðilanna, ásamt skjali með fyrrgreindri bókun.

Áfrýjandi var ekki viðstaddur þennan fund, en lögmaður hans í héraði kveðst hafa rætt við hann í síma frá fundinum og farið yfir efni þeirra skjala, sem ætlunin var að undirrita. Einnig hafi áðurgreint umboðsbréf frá áfrýjanda legið fyrir á fundinum. Lögmaður stefnda staðfestir þessa frásögn fyrir sitt leyti og kveður umgetið símtal hafa farið fram að sér viðstöddum. Áfrýjandi neitar því á hinn bóginn, að við sig hafi verið rætt á þennan veg. Kveðst hann hafa staðið í þeirri trú, að gengið yrði frá samkomulagi, þar sem hann og stefndu myndu falla frá kröfum hver á hendur öðrum gegn því, að hlutabréf hans í stefnda Össuri hf. yrðu framseld til baka án endurgjalds. Hafi hann sjálfur aldrei fallist á að ljúka málinu með þeim hætti, að hlutafélagið ætti dómkröfu á hendur sér og rétti sínum yfir hlutabréfum í félaginu teldist rift með dómi.

Áfrýjandi staðfestir, að hann hafi sent lögmanni sínum símbréf 23. október með því orðalagi, að honum væri veitt „fullt og ótakmarkað umboð til að ljúka málarekstri og samskiptum mínum við Össur hf. ...“. Þar hafi þó aðeins verið um að ræða drög til athugunar, og hafi hann ekki ætlað að gefa umboðið út fyrr en að undanenginni skoðun á samkomulagsdrögum. Til þess hafi ekki komið og lögmaðurinn aldrei beðið sig að undirrita umboðið.

II.

Umrætt samkomulag milli málsaðila er í fimm liðum, og er hinn fyrsti efnislega samhljóða þeirri bókun um kröfugerð í málinu, sem lögð var fyrir héraðsdómara. Í síðari liðum þess er meðal annars fjallað um nokkrar frekari skuldbindingar í þágu stefndu, sem áfrýjandi skuli takast á hendur með tilliti til þess, að um sé að ræða endanlegar lyktir á samstarfi hans og þeirra. Enn fremur er því efnislega lýst af hálfu stefnda Össurar hf., að dómskuld áfrýjanda við félagið í samræmi við fyrsta liðinn verði ekki innheimt, meðan samkomulagið standi óraskað.

Áfrýjandi kveðst ekki hafa samþykkt þetta samkomulag fyrir sitt leyti. Er krafa hans um ómerkingu hins áfrýjaða dóms á því reist, að lögmaður sinn hafi hvorki haft heimild né umboð til að ráðstafa

sakarefni málsins á þann hátt, sem gert var með umræddri bókun á grundvelli samkomulagsins. Lögmaðurinn heldur því hins vegar eindregið fram, að hann hafi haft hvort tveggja, og hinu sama gegnir um stefndu. Kveðast þeir hafa verið og mátt vera í fullri vissu um, að áfrýjandi væri samþykktur samkomulaginu í öllum greinum, þegar gengið var frá málinu.

Á það má fallast með áfrýjanda, að umrædd ráðstöfun á sakarefni málsins hafi náð lengra en þær heimildir, sem fólust í almennu málflutningsumboði lögmannsins samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Samkvæmt því bar stefndu að miða við, að atbeina áfrýjanda þyrfti til gerðar samkomulagsins. Á hinn bóginn hafa verið leiddar að því eindregnar líkur, að áfrýjandi hafi veitt lögmanninum víðtækari heimildir en þessu nam og þá þannig, að gagnaðilar hans hafi mátt ætla, að lögmaðurinn hefði umboð til meðferðar á sakarefninu, sem svaraði til þeirra. Samkvæmt frásögn áfrýjanda var það markmið hans, að samskipti hans og fyrirtækis stefndu yrðu leidd til lykta með niðurfellingu krafna á báða bóga ásamt því, að hlutur hans í fyrirtækinu gengi til baka. Ekki var óeðlilegt að stefna að því, eins og atvikum var háttað, að gengið yrði annars vegar frá samkomulagi utan réttar, er tæki til allra ágreiningsefna, og hins vegar frá niðurstöðu um rekstur málsins með gagnkvæmum yfirlýsingum fyrir dómi. Orðalag umboðsins, er áfrýjandi sendi, bendir til, að hann hafi ekki verið mótfallinn þeirri tilhögun, hvað sem annars líður stöðu þess skjals.

Þegar samkomulagið er metið í heild og í ljósi allra atvika, verður ekki séð, að efni þess fari í bága við áðurgreint markmið. Staðhæfing lögmanns áfrýjanda í héraði um samþykki hans við því og umboð sitt til undirritunar þess og bókunar um breytta kröfugerð verður því ekki talin ótrúverðug. Gagnvart stefndu verður áfrýjandi því að sanna, að þetta umboð hafi skort í raun. Þegar allt er virt, sem fyrr greinir, verður sú sönnun ekki talin hafa tekist.

Samkvæmt þessu ber að taka til greina kröfu stefndu um staðfestingu héraðsdóms.

Rétt þykir eftir atvikum málsins, að hver aðili beri kostnað sinn af því fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málkostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 31. október 1997.

I.

Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 11. mars 1997, og var tekið til dóms 29. október sl.

Stefnendur í aðalsök eru Össur hf., kt. 560271-0189, Hverfisgötu 105, Reykjavík, og Össur Kristinsson, kt. 051143-3539, Sæbólsbraut 42, Kópavogi. Stefndi er Tryggvi Sveinbjörnsson, kt. 200357-3969, Súlunesi 10, Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda Össurar hf. eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu 27.808.312 króna með dráttarvöxtum, sbr. III. kafla vaxtalaga, frá 1. 4. 1996 til greiðsludags. Dómkröfur stefnanda Össurar Kristinssonar eru þær, að stefnda verði gert að þola riftun á gjafaloforði, sem Össur Kristinsson veitti um hlutabréf að nafnverði 244.125 krónur í Össuri hf. Málkostnaðar er krafist í báðum tilvikum.

Í aðalsök krefst stefndi þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum Össurar hf., en til vara, að kröfur verði lækkaðar verulega. Um kröfu Össurar Kristinssonar er aðallega krafist frávísunar, en til vara sýknu.

Málkostnaðar er krafist í báðum tilvikum.

Í gagnsök er kröfugerð gagnstefnanda, Tryggva Sveinbjörnssonar, eftirfarandi:

A. Stefndi Össur hf. verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 13.632.685 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Krafan sundurliðast þannig:

1. Stefndi greiði stefnanda 2.310.000 kr. með dráttarvöxtum frá 20. mars 1996 til greiðsludags.
2. Stefndi greiði stefnanda 5.346.055 kr. með dráttarvöxtum af 666.667 kr. frá 1. júlí 1993 til greiðsludags, af 1.187.882 kr. frá 1. júlí 1994 til greiðsludags, af 1.496.769 kr. frá 1. júlí 1995 til greiðsludags og af 1.994.737 kr. frá 1. júlí 1996 til greiðsludags.
3. Stefndi greiði stefnanda 1.500.000 kr. með dráttarvöxtum frá 16. janúar 1997 til greiðsludags.
4. Stefndi greiði stefnanda 4.476.630 kr. með dráttarvöxtum af 746.105 kr. frá 1. maí 1996 til greiðsludags, með dráttarvöxtum af 746.105 kr. frá 1. júní 1996 til greiðsludags, með dráttarvöxtum af 746.105 kr. frá 1. júlí 1996 til greiðsludags, með dráttarvöxtum af 746.105 kr. frá 1. ágúst 1996 til greiðsludags, með dráttarvöxtum af 746.105 kr. frá 1. september 1996 til greiðsludags.

greiðsludags og með dráttarvöxtum af 746.105 kr. frá 1. október 1996 til greiðsludags.

B. Stefnda verði gert að þola, að eftirtöldum kröfum, að fjárhæð 8.062.250 kr., verði skuldajafnað við kröfu stefnda á hendur stefnanda vegna skuldar á viðskiptareikningi:

1. 600.000 kr. vegna ráðgjafarstarfa.
2. 3.300.000 kr. vegna úppgerðs launamunar.
3. 2.250.000 kr. vegna vangreiddra launa.
4. 1.733.333 kr. vegna ógreiddra bifreiðahlunninda.
5. 178.917 kr. vegna útlagðra tryggingariðgjalda af bifreiðinni VF-738.

Vextir af kröfum þessum gangi á móti vöxtum á viðskiptareikningsskuld.

C. Stefnda verði með dómi gert skylt að gefa út hlutabréf í Össuri hf. á nafn stefnanda, að nafnvirði 224.125 kr.

D. Aðallega verði viðurkenndur réttur stefnanda til 1,5% þóknunar úr hendi stefnda af sölu ICEX-koltrefjahulsu. Til vara verði viðurkenndur réttur til hæfilegrar hlutfallsþóknunar að mati dómsins. Til þrautavara verði viðurkenndur réttur stefnanda til hæfilegrar eingreiðsluþóknunar að mati dómsins.

E. Stefnda verði gert að greiða allan málskostnað samkvæmt síðar fram lögðu málskostnaðaryfirliti. Stefndandi þessa máls hefur ekki með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi, og er stefnanda því nauðsyn að fá dóm um virðisaukaskatt á málskostnað.

Gagnstefndi Össur hf. krefst sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar.

II.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 18. júní 1997 var frávísunarkröfu aðalstefnda hrundið.

Í þinghaldi 29. október sl. var lögð fram eftirfarandi bókun og málið síðan dómtekið:

A. Allir aðilar málsins lýsa yfir því, að þeir falla frá málskostnaðarkröfum sínum í málinu.

B. Af hálfu Össurar hf. er lýst yfir því, að félagið falli frá neðangreindum kröfuliðum í stefnu:

Liður II, vegna oftekinna dagpeninga, 1.402.782 kr.

Liður V, vegna mála tengdra Hjörleifi Hjörleifssyni, 2.099.337 kr.

Liður IX, greiðslur vegna iðnaðarmanna, 660.250 kr.

Neðangreindir undirliðir liðar X:

Undirliður c) 697.939 kr. vegna ýmissa reikninga.

Undirliður d) 455.306 kr. vegna ýmissa bifreiðakostnaðarreikninga.

Undirliður e) 410.743 kr. vegna ýmissa reikninga.

Undirliður f) 833.470 kr. vegna ýmissa reikninga.

Undirliður g) 271.500 kr. vegna orlofshúsa að Hrísum.

Undirliður h) 97.253 kr. vegna lífeyrisiðgjalda.

Aðrir kröfuliðir standa óbreyttir, og er því dómkrafan nú samtals 20.879.732 kr. auk dráttarvaxta skv. kröfugerð í stefnum.

C. Tryggvi Sveinbjörnsson lýsir yfir því, að hann fellur frá öllum kröfum sínum í greinargerð og gagnsök. Enn fremur lýsir hann yfir því, að hann fallist á dómkröfur Össurar hf., svo breyttar sem þær eru nú, sbr. liði A og B hér að framan. Enn fremur fellst hann á dómkröfur Össurar Kristinssonar um riftun á gjafaloforði/gjafagerningi milli sín og Össurar Kristinssonar á 5% hlutafjár í Össuri hf.

III.

Samkvæmt framansögðu dæmist málið nú eftir ofangreindri breyttri kröfugerð, sem báðir aðilar hafa samþykkt með undirskrift sinni.

Í aðalsök dæmist aðalstefndi, Tryggvi Sveinbjörnsson, til þess að greiða aðalstefnanda Össuri hf. 20.879.732 kr. með dráttarvöxtum eins og í dómsorði greinir. Þá er viðurkennd riftun á gjafaloforði Össurar Kristinssonar til aðalstefnda á hlutabréfum í Össuri hf., að nafnverði 244.125 krónur.

Í gagnsök hefur gagnstefnandi, Tryggvi Sveinbjörnsson, lýst því yfir, að hann falli frá öllum kröfum. Gagnstefnandi hefur jafnframt lýst því yfir, að hann falli frá málskostnaðarkröfu í gagnsök.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Aðalstefndi, Tryggvi Sveinbjörnsson, greiði aðalstefnanda Össuri hf. 20.879.732 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. apríl 1996 til greiðsludags.

Riftun á gjafaloforði aðalstefnanda Össurar Kristinssonar við aðalstefnda á 5% hlutafjár (nafnvirði 244.125 krónur) í Össuri hf. er viðurkennd.